

KVISTABORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Mars 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Hildur Björk Svavarsdóttir

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Kristín Sæmundsdóttir

Inngangur.....	4
Leikskólinn Kvistaborg.....	4
Greining.....	5
Framúrskarandi verklag	5
Það sem vel er gert	5
Tækifæri til umbóta	5
Yfirlit yfir niðurstöður	6

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Kvistaborg sem fram fór í mars og apríl 2015. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats skóla og frístundasviðs á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviði, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í mars og apríl 2015 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 23.-27. mars. Matið byggir á gögnum leikskólans, viðtölum og rýnihópum starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN KVISTABORG

Leikskólinn Kvistaborg tók til starfa 1972 og er staðsettur við Kvistalandi 26 í Reykjavík.

Leikskólastjóri er Guðrún Gunnarsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er María Bjarnadóttir.

Í leikskólanum er þrjár deildir og voru 65 börn þar í vistun í mars 2015. Yngstu börnin fædd 2011 og 2012 eru á Víðilundi. Börn fædd 2010 og 2011 eru á Birkilundi. Börn fædd 2009 og 2010 eru á Reynilundi.

Framúrskarandi verklag

Leikskólastjóri sýnir hæfni sem leiðtogi í samskiptum við starfsfólk, börn og foreldra.

Leikskólabragurinn einkennist af jákvæðu viðmóti, trausti og metnaði.

Það sem vel er gert

Gott námsumhverfi er í Kvistaborg sem styður við læsi og ritmál. Leikskólakennarar eru til fyrirmyndar í að leiða uppeldis- og menntastarf Kvistaborgar. Þeir eru til fyrirmyndar í samskiptum og viðmóti við börn og starfsfólk og veita starfsfólki endurgjöf á störf sín. Unnið er með áherslur og gildi leikskólans á markvissan hátt. Stjórnendur¹ hvetja til símenntunar og þróunar í starfi leikskólans, byggja á umbótaáætlun, og leggja áherslu á að þekking einstakra starfsmanna fái notið sín í starfinu. Deildarfundir, skipulagsdagar og annað skipulag er styður við faglegt samstarf og umræður er í góðum farvegi. Lýðræðisleg vinnubrögð birtast í samstarfi starfsfólks í starfi leikskólans.

Börnin eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans og starfsfólk gætir þess að hvert barn fái notið sín á sínum forsendum. Hlustað er á börnin og fá þau að hafa áhrif á viðfangsefni líðandi stundar. Börnunum í Kvistaborg líður vel í leikskólanum. Í rýnihópi barna töldu þau upp marga þætti leikskólastarfsins sem þau eru ánægð með. Áætlun um innra mat á skólaárinu liggur fyrir og mat fer fram reglulega. Innra mat er samstarfsverkefni og leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.

Tækifæri til umbóta

Skólanámskrá verði gefin út og birt á heimasíðu. Í skólanámskrá og starfsáætlun þarf að koma skýrt fram hvernig leikskólinn gefur börnum tækifæri á að hafa raunveruleg áhrif á skipulag skólastarfsins. Í skólanámskrá þarf að koma fram umfjöllun um fjölbreyttar leiðir sem leikskólinn fer við að meta starfið kerfisbundið.

Leikskólinn setji skýrt fram hvernig hann leitar markvisst eftir hugmyndum barna og styður þau í að útfæra og framkvæma sínar eigin hugmyndir. Að börn fái tækifæri til að meta sín eigin markmið ásamt öðrum viðfangsefnum og það verði gert sýnilegt til dæmis í ferilmöppu barnsins/mappan mín og í innra mati leikskólans. Gott væri að skoða skipulag í fataklefa en í rýnihópi barna kom fram að stundum er mikill hávaði þar og það er erfitt að klæða sig alveg sjálf/ur. Börnin tala um að tónlistin sé skemmtileg en þau segjast vilja fá að gera meira sjálf, spila meira á hljóðfærin.

¹Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.